Tíu hæstu bátarnir með rúm 30% veiðireynslunnar

Fjóla GK hefur mesta aflareynslu af þeim bátum sem hafa veitt makríl á handfæri. Væntanlega fá 150 handfærabátar eða fleiri kvóta úthlutað í makríl.

KJARTAN STEFÁNSSON
kjartan@fiskifrettir.is

Allt fram til ársins 2014 voru handfæraveiðar á makríl í raun frjálsar. Annaðhvort náðu bátarnir ekki þeim afla sem hafði í upphafi verið ákveðinn fyrir „handfærapottinn" eða þá að bætt var við aflaheimildir þegar potturinn var að klárast. Það var fyrst haustið 2014 að veiðar handfærabáta voru stöðvaðar en þá fór afli þeirra í 7.466 tonn.

Samsvarar besta árinu

Hlutdeild handfærabáta í heildarafla var aðeins lítið brot fyrstu árin, en fór í 0,8% árið 2012. Eftir það jókst veiði þeirra með fjölgun báta og varð 3,4% af heild árið 2013 og 4,8% af heild árið 2014. Gert er ráð fyrir því að handfærabátar fái um 5% af heildarmakrílkvóta ár hvert. Ef heildarkvótinn í ár væri 150 þúsund tonn fengju handfærabátar því að veiða 7.500 tonn.

43% viðbót 2009 til 2012

Samkvæmt makrílfrumvarpi sjávarútvegsráðherra ræðst aflahlutdeild handfærabáta af veiðireynslu þeirra á 5 ára tímabili frá árunum 2009 til 2014. Þeir bátar sem stunduðu veiðar á árunum 2009 til 2012 fá þar að auki 43% ofan á afla sinn. Með þessu er verið að auka veiðireynslu þeirra þar sem sannarlega var verið að þróa veiðitækni og veiðarfæri sem þeir sem á eftir komu nutu góðs af, að því er segir í frumvarpinu. Í heild veiddu handfærabátar um 13.700 tonn af makríl frá árinu 2009 til ársins 2014. Þar af veiddu þeir 1.589 tonn árin 2009 til 2012 og ofan á þá tölu bætast sem sagt 43%, eða 689 tonn. Þessi reiknaða viðbótarveiðireynsla skiptist aðallega á örfáa báta.

Efstu bátar á makrílveiðum meðhandfærum til 2014

Bátur	Afli 2009 til 2014	43% álag	Samtals afli og álag	Hlutdeild
Fjóla GK 121	553	128	681	4,7%
Siggi Bessa SF 97	541	87	628	4,4%
Sæhamar SH 223	439	95	534	3,7%
Brynja II SH 237	409		409	2,8%
Álfur SH 414	406	37	443	3,1%
Ólafur HF 200	360		360	2,5%
Litli Hamar SH 222	347	32	379	2,6%
Særif SH 25	335		335	2,3%
Dögg SU 118	324		324	2,2%
Pálína Ágústsdóttir GK 1	319		319	2,2%
Ísak AK 67	305		305	2,1%
Ingibjörg SH 174	291	36	327	2,3%
Tryggvi Eðvarðs SH 2	268		268	1,9%
Mangi á Búðum SH 85	268	38	306	2,1%
Fjóla SH 7	261		261	1,8%
Addi afi GK 97	244		244	1,7%
Máni II ÁR 7	238		238	1,6%
Strekkingur HF 30	221		221	1,5%
Hlöddi VE 98	210	19	229	1,6%
Herja ST 166	210		210	1,5%
	20 efstu samtals	**6.549**	**7.021**	**48,7%**

Tíu hæstu með rúm 30%

Þrátt fyrir að fjöldi handfærabáta hafi stundað makrílveiðar náðu tiltölulega fáir þeirra miklum afla. Þannig eru 20 aflahæstu bátarnir með tæp 50% af veiðireynslunni á viðmiðunartímanum og 10 hæstu bátarnir eru með rúm 30%, samkvæmt samantekt Fiskifrétta.

Þess má geta að á árunum 2010 til 2012 veiddu um og yfir 20 bátar makríl á handfæri. Árið 2013 voru bátarnir 96 að tölu en 2014 voru þeir 114. Hins vegar veiddu allt að 150 bátar eða meir makríl á handfæri einhvern tímann á tímabilinu og fá væntanlega kvóta úthlutað þótt hann verði ekki nema örfá tonn hjá mörgum þeirra.

Fjóla GK veiddi mest

Samkvæmt samantekt Fiskifrétta er Fjóla GK sá bátur sem veiddi mest af makríl á árunum 2009 til 2014, eða alls 553 tonn. Með 43% viðbótinni reiknast viðmiðunaraflinn alls 681 tonn sem sjá má í meðfylgjandi töflu. Það gerir 4,7% af heildarmakrílafla handfærabáta. Siggi Bessa SF kemur þar á eftir með 628 tonn samtals með viðbótinni, eða 4,4% af heildinni. Saxhamar SH er í þriðja sæti með 3,7%. Samanlagt eru þessir þrír bátar með tæp 13% af þeirri veiðireynslu sem gert er ráð fyrir að verði lögð til grundvallar við úthlutun á kvóta.

Hæsti báturinn fengi 350 tonn

Nú liggur ekkert fyrir um það hver heildarkvóti íslenskra skipa í makríl verður á árinu 2015. Sé gert ráð fyrir að handfærabátar fái 7.500 tonna kvóta þá kæmu 350 tonn í hlut aflahæsta bátsins, Fjólu GK, sem er í raun rúmum 100 tonnum meira en besta ár bátsins. Hann veiddi mest 243 tonn árið 2012. Siggi Bessa SF fengi tæplega 330 tonna kvóta sem er líka töluvert meira en mesti ársafli bátsins til þessa. Mest veiddi hann 205 tonn árið 2014.